

REGLUGERÐ

um framkvæmd innheimtu sérstaks tímabundins vörugjalds af innlendri framleiðslu á kökum og brauðvörum.

1. gr.

Innlendum aðilum sem framleiða kökur og brauðvörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð nr. 456/1985 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, og miða verðlagningu á framleiðslu sinni við smásöluverð, er heimilt að reikna sérstakt 30% vörugjald af gjaldskyldri framleiðslu sinni á 65% smásöluverðsins. Sérstakt vörugjald gert upp samkvæmt 1. másl. jafngildir 19,5% af heildarsölu gjaldskyldrar brauðvöru í smásölu á hverju uppgjörstímabili. Selji framleiðandi vöru sína á heildsöluverði skal reikna sérstakt vörugjald af 80% heildsöluverðsins, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 456/1985.

2. gr.

Peir sem skila sérstöku vörugjaldi samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skulu við greiðslu skila innheimtumanni ríkissjóðs sérstakri skýrslu á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu eða afhendingu, þ.m.t. úttekt til eigin nota. Ákvæði reglugerðar nr. 456/1985 gilda að öðru leyti um álagningu og innheimtu sérstaks vörugjalds af framleiðslu sem um ræðir í þessari reglugerð.

3. gr.

Prátt fyrir ákvæði reglugerðar nr. 456/1985 skal ekki innheimta sérstakt tímabundið vörugjald af kringlum, kruðum, tvíbökum, rúgbrauði, normalbrauði, maltbrauði, franskbrauði, heilhveitibrauði og öðru sambærilegu brauði, enda innihaldi þau ekki meira en 8% sykur miðað við þyngd þurrefnis og ekki ost, ávexti, kakó, kjöt, fisk eða aðrar sambærilegar efnivörur til fyllingar eða sem álegg. Samkvæmt framansögðu eru kökur, kex, sætabrauð og aðrar brauðvörur sem ekki eru taldar upp hér að framan vörugjaldsskyldar.

4. gr.

Peim framleiðendum, sem ekki geta haldið gjaldskyldri sölu aðgreindri frá gjaldfrjálsri sölu eða telja erfiðleikum bundið að greina vörur í gjaldflokka, sbr. 3. gr., er heimilt að telja gjaldstofn til sérstaks vörugjalds vera 15% af framleiðsluvirði allrar brauðvöru, óháð sykurinnihaldi. Framleiðsluvirði skal þá ákvarðað með sama hætti og um getur í 1. gr., þ.e. jafnt 65% af smásöluverði.

Sé uppgjörsmáti skv. 1. mgr. valinn skulu ákvæði 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 456/1985 ekki eiga við. Sérstakt vörugjald gert upp samkvæmt þessari grein jafngildir 2,925% af heildarsölu allrar brauðvöru í smásölu á hverju uppgjörstímabili.

Framleiðandi sem vill nýta sér þennan uppgjörsmáta skal fyrir lok fyrsta gjaldtímabils ár hvert tilkynna það skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 5. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda í fyrsta sinn vegna gjaldskyldrar framleiðslu á tímabilinu 1. febrúar 1986 til 31. mars 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 38/1986.

Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir Jónsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Sandár, Svalbarðshreppi, N-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Sandár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Sandá, en þær eru Flaga I, Flaga II, Fjallalækjarsel, Leirlækur, Ósland, Syðra-Áland og Ytra-Áland.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.